

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar um áhrif ESB  
á umræður um ESB-aðild.

1. *Hver er skoðun ráðherra á því að ESB, með fjármunum og þátttöku sendiherra og sendiráðs, blandar sér með beinum hætti í umræður um áhrif ESB-aðildar á þá málaflokka sem heyra undir ráðuneytið?*

Hvorki sendiherra ESB né nokkur annar á vegum ESB hefur blandað sér í málefni fjármálaráðuneytisins, hvorki með beinum eða óbeinum hætti. Samskipti ráðuneytisins við sendiráðið eru fyrst og fremst í formi formlegra funda sem haldnir eru tvisvar á ári með fulltrúum sendiráðsins til að ræða framvindu þeirra kafla sem tengjast aðildarumsókninni og fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á. Þetta eru kaflar 16 um skattamál, kaflar 29 um tollabandalag, kaflar 32 um fjárhagslegt eftirlit og kaflar 33 um framlagsmál. Þá tekur fjármálaráðuneytið þátt í vinnu við ýmsa aðra kafla (t.d. kaflar 5 um opinber innkaup, kaflar 17 um efnahags- og peningamál og kaflar 22 um byggðamál) sem utanríkisráðuneytið eða aðrir opinberir aðilar eru í forustu fyrir. Fjármálaráðuneytið hefur með þátttöku sinni kynnst löggjöf ESB í þessum málaflokkum sem styrkt hefur faglegan grundvöll þess – til að takast á við dagleg störf, einkum sem tengjast tæknilegum atriðum við stefnumótun og áætlanagerð.

2. *Hvernig hyggst ráðherra tryggja að starfsemi Evrópustofu og þeir fjármunir sem ESB ver til hennar, ásamt beinni þátttöku sendiherra og sendiráðs ESB, skekki ekki lýðræðislega umræðu um þá málaflokka sem heyra undir ráðuneytið?*

Fjármálaráðuneytið tekur ekki þátt í pólitískri umræðu um ESB. Það er mat ráðuneytisins að hin faglega vinna sem tengist aðildarumsókninni muni nýtast vel við að bæta verklag og dýpka þekkingu á málaflokkum ráðuneytisins – hvort sem að aðild verður eða ekki.